

# Skólaráð Naustaskóla

## 2. fundur skólaársins 2016-2017, haldinn 17. nóvember 2016.

Mættir: Skólastjórnendur: Aðalheiður Skúladóttir, Bryndís Björnsdóttir, og Hildur Betty Kristjánsdóttir. Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Borghildur Ína og Ingibjörg Þórðardóttir. Fulltrúar starfsmanna: Bryndís Stefánsdóttir, Andrea Laufey Jónsdóttir og Þóra Ýr Sveinsdóttir. Fullrúi nemenda: Telma Ósk Þórhallsdóttir.

### Dagskrá og afgreiðslur

#### 1. Starfsáætlun/skólanámskrá yfirfarin og rædd.

Farið yfir starfsáætlun sem er alveg að verða tilbúin. Þegar hún er tilbúin birtist hún á heimasíðu Naustaskóla. Kaflinn um Orð af orði er farinn út en inn vantar kafla um mannauðsstefnu Akureyrarbæjar. Einnig á eftir að vinna úr ársskýrslum síðasta árs og setja inn í kaflann um þróun og endurmenntun.

#### 2. Heimanám

Stefna skólans er að heimanám er ekki annað en að lesa. Fulltrúar foreldra eru báðir fylgjandi þessari stefnu. Nemendur mega sjálf taka með sér t.d. stærðfræði ef þau vilja sjálf og stundum er sent heim ef þau þurfa að leggja áherslu á ákveðin atriði og þá í samráði við foreldra. Nýhafið lestrarátak rætt. Upp kom umræða um hvort telja ætti bækur eða blaðsíður. Skynsamlegra að telja blaðsíður til að yngri og eldri nemendur standi jafnari fótum. Svo virðist sem vel sé haldið utan um heimalestur í 1.-5. bekk en ekki eftir það. Vorum sammála um að mikilvægt er að halda utan um heimalestur til loka 7. bekkjar svo því þarf að koma í farveg.

#### 3. Starfshættir nemendaverndarráðs

Alla sagði frá starfsháttum nemendaverndarráðs. Þar eru tekin upp mál sem varðar nemendur sem þarfnast sérstaks utanumhalds eða ráðgjöf. Hjúkrunarfræðingu og aðili frá skóladeild sitja fundina auk fulltrúa stjórnenda. Kennarar eru upplýstir eftir þessa fundi ef mál þerra nemenda eru tekin upp. Löng bið er í stoðþjónustuna og oft nýta foreldrar sér ráðgjöf úti í bæ til að bíða ekki of lengi.

#### 4. Framkvæmdamál

Skemmdir vegna vatnslekans voru miklar og endurbætur hafnar. Þetta er mikið verk og áætlun verklok eru des/jan.

Framkvæmdir við skólalóðina eru ekki á fjárhagsáætlun og ætla hverfisnefnd, foreldrafélag og skólasamfélagið að beita þrýstingi svo sett verði fjármagn í þessar framkvæmdir. Ákveðið að skólasamfélagið sendi ályktun varðandi þessar framkvæmdir í næstu viku. Síðan myndi foreldrafélagið láta í sér heyra, hverfisnefndin og loks nemendur.

#### 5. Önnur mál

Áhyggjur vegna kynjaskiptingar í nemendaráðinu. Einungis ein stelpa náði kjöri inn í ráðið og eru 3 af 7 varamönnum stelpur. Mjög hallar á annað kynið í ráðinu. Tillaga um að setja reglur til að tryggja jafnan hlut kynjanna í ráðinu. Hugmynd að hafa n.k. prófkjör/forkosningar í

hverjum bekk/teymi svo að ræðurnar á sal verði ekki eins margar og vandaðri. Verkefni fyrir nemendaráðið að koma með tillögur að breyttri framkvæmd á þessu kjöri.

Bryndís Inda ritaði fundargerð